

Saga ARTs

Aggression Replacement Training hefur verið í þróun síðan á sjöunda áratugnum og er hluti af lífsstarfi prófessors Arnolds P. Goldstein. Bókin ART kom út árið 1987 og er tilraun til að tengja saman margbreytilegar hugsanir á þessu sviði. Aðferðin skiptist í þrjá megin þætti: **Félagsfærni** sem er atferlisþáttur þessa efnis, **sjálfstjórnun** (reiðistjórnun) er þáttur sem tengist tilfinningum og þjálfun í **siðrænni röksemdarfærslu** er þáttur sem höfðar til vitsmuna.

ART er vel afmörkuð og árangursrík aðferð til að draga úr erfiðri hegðun hjá börnum og ungu fólki t.d. þeim sem greinst hafa með ýmiskonar þroskaraskanir, ofvirkni og alvarlegar atferlistruflanir.

Síðan 1987 hefur ART verið notað í skólum, meðferðarheimilum og öðrum stofnunum og stöðum þar sem fjöldi barna með hegðunar vandamál hefur farið vaxandi. Jafnhliða vexti verkefnisins, hefur því verið fylgt eftir með mati með tilliti til lang- og skammtíma áhrifa þar sem notkunargildi aðferðarinnar og árangur hennar er metin. Má nefna t.d. að norska félags- og menntamálaráðuneytið gefa þessu verkefni hæstu mögulegu einkunn miðað við þær rannsóknir sem gerðar hafa verið í Noregi og í öðrum löndum. ICART (international communicator for ART) var stofnað 2001 í Malmö í Svíþjóð og eru alþjóðasamtök þeirra sem vinna með ART á fræðilegu sviði og vettvangi.

ART á Suðurlandi byrjaði sem þróunarverkefni árið 2006. Verkefnið fór af stað, annars vegar sem sérúrræði fyrir skóla Suðurlands þar sem unnið var með þróun í meðferð byggða á ART. Verkefnið fólst hins vegar í að mennta kennara, félagsráðgjafa, sálfræðinga og starfsfólk skóla sem ART þjálfara. Einnig að þróa meira fyrirbyggjandi starfsemi fyrir skóla og leikskóla. Þetta hefur skilað þeim árangri að flestir skólar Suðurlands hafa í dag í sínum skólum menntaða ART þjálfara sem vinna markvisst með ART.

Gaulverjaskóli var sérúrræði fyrir nemendur úr skólum á Suðurlandi með tilfinninga- og hegðunarvandamál og var starfræktur í tvö og hálf ár með góðum árangri hvað varðar þróun á ART á Íslandi og fyrir íslenskar aðstæður. Í takt við upprunaleg markmið verkefnisins var ákveðið að leggja af starfsemina í Gaulverjaskóla og leggja megináhersluna á meðferðarteymi til stuðnings innan þeirra skóla sem vinna með ART.

Á síðsta ári hefur einnig farið fram tilraun á vegum ART-teymisins á Suðurlandi með fjölskyldu-ART, aðferð sem þróuð hefur verið í Kanada (Calame, Parker). Þetta hefur gefið góðan árangur og mun félagsþjónusta í samvinnu við ART-teymið vinna áfram með skólum Suðurlands. Þar verður fjölskyldum barna sem eru í ART þjálfun í sínum heimaskólum boðið upp á fjölskyldu-ART.